

## Stefna Heimspekistofnunar Háskóla Íslands 2021–2026

Samkvæmt starfsreglum Hugvísindasviðs er hlutverk Heimspekistofnunar:

1. Að styðja rannsóknir og rannsóknasamstarf akademískra starfsmanna Hugvísindasviðs á sviði heimspeki
2. Að sinna starfsemi sem styður rannsóknir í heimspeki og eflir tengsl við alþjóðlegt háskólasamfélag og íslenskt þjóðlíf og samfélag, t.d. með því að stuðla að útgáfu, ráðstefnum og fyrirlestrum
3. Að stuðla að tengslum akademískra starfsmanna í heimspeki við rannsóknarnema, nýdoktora og gestafræðimenn
4. Að efla tengsl rannsókna og kennslu

Í samræmi við stefnu Háskóla Íslands 2021–2026 (HÍ-26) hefur Heimspekistofnun sett sér eftirfarandi stefnu í því skyni að sinna ofangreindu hlutverki.

### 1. Rannsóknir

Heimspekistofnun styður rannsóknir og rannsóknasamstarf akademískra starfsmanna Hugvísindasviðs á sviði heimspeki meðal annars með því að hýsa rannsóknarverkefni og veita rannsakendum aðstöðu við stofnunina eftir því sem unnt er og veita verkefnastyrki eftir því sem fjárhagur leyfir.

### 2. Útgáfa, ráðstefnur og fyrirlestrar

Heimspekistofnun styður rannsóknir í heimspeki og eflir tengsl við alþjóðlegt háskólasamfélag og íslenskt þjóðlíf og samfélag með því að stuðla að útgáfu, ráðstefnum og fyrirlestrum samkvæmt því sem hér greinir:

a) *Útgáfa.* – Heimspekistofnun gefur ekki út bækur á eigin kostnað heldur veitir útgáfustyrki. Fjárhæð styrks fer eftir umfangi rits og fjárhag stofnunarinnar hverju sinni. Styrksins skal getið í inngangi rits eða á annan hátt í samráði við stjórn. Heimspekistofnun tekur hvorki á sig vinnuframlag né fjárhagslegar skuldbindingar umfram það sem styrkveitingunni nemur. Rétt til að sækja um útgáfustyrk eiga aðildarfélagar Heimspekistofnunar. Auk þess styrkir Heimspekistofnun útgáfu tímaritsins *Hugur: Tímarit um heimspeki* sem er eina fræðilega tímaritið um heimspeki sem gefið er út á Íslandi. Auglýst verður eftir umsóknum um útgáfustyrki meðal aðildarfélaga Heimspekistofnunar og umsóknarfrestur tilgreindur. Sérstök nefnd, skipuð tveim aðildarfélögum sem kosnir eru til þriggja ára í senn, fjallar um umsóknirnar en stjórn stofnunarinnar ákveður styrkveitinguna í samráði við verkefnastjóra Hugvísindastofnunar. Ákvörðun um styrkveitingu skal tekin á málefnalegum forsendum. Fulltrúar í stjórn eða ritnefnd geta ekki tekið ákvörðun um styrkveitingu til eigin rita.

b) *Ráðstefnur.* – Stofnunin eða aðildarfélagar í samvinnu við stofnun gangast fyrir ráðstefnum, eftir atvikum í samvinnu við aðra, þar á meðal alþjóðlegum ráðstefnum í samvinnu við innlenda eða erlenda aðila. Um kostnaðarþátttöku Heimspekistofnunar eða styrkveitingu af hálfu stofnunarinnar fer eftir ákvörðun stjórnar í samráði við verkefnastjóra Hugvísindastofnunar. Umsóknir um styrk til ráðstefnuhalds skulu berast með hæfilegum fyrirvara og skal þeim fylgja rökstuðningur og fjárhagsáætlun. Að öðrum kosti verða þær ekki teknar til greina. Styrki Heimspekistofnunar ráðstefnuhald skal þess getið í kynningu

ráðstefnunnar hvort sem Heimspekistofnun hýsir ráðstefnuna eða ekki. Heimspekistofnun tekur hvorki á sig vinnuframlag né fjárhagslegar skuldbindingar umfram það sem fram kemur við styrkveitingu.

c) *Fyrirlestrar.* – Heimspekistofnun skipuleggur reglulega fyrirlestra og málstofur, þar sem félagar stofnunarinnar og doktorsnemar í heimspeki fá tækifæri kynna rannsóknir sínar og fá viðbrögð við þeim. Einnig er innlendum og erlendum heimspekingum með samþykki stjórnar heimilt að kynna rannsóknir sínar í fyrirlestrum og málstofum þess á milli eða eftir því sem kostur er. Fyrirlestrar og málstofur skulu haldnar á föstum tímum á hverju misseri. Auglýst er eftir hugmyndum um erindi hvers misseris ekki síðar en í lok næsta misseris á undan þannig að unnt verði að skipuleggja viðburðadagatal hvers misseris fyrirfram. Málstofur og fyrirlestrar skulu vera öllum opin.

### **3. Samstarf**

Heimspekistofnun stuðlar að tengslum aðildarfélaga við rannsóknarnema, nýdoktora og gestafræðimenn með því að skapa sameiginlegan vettvang fyrir kynningu rannsókna og umræður um þær, t.d. í málstofum eða ráðstefnum á vegum þeirra eða stofnunarinnar eftir því sem aðstæður leyfa. Heimspekistofnun hýsir einnig rannsóknarverkefni á vegum fyrrgreindra aðila og eflir þannig samstarf þeirra við þá fasta akademíska starfsmenn sem fyrir eru.

### **4. Tengsl rannsókna og kennslu**

Heimspekistofnun eflir tengsl rannsókna og kennslu með því að styrkja útgáfu og viðburði og standa fyrir fyrirlestrum sem kunna að nýtast nemendum í heimspeki, einkum framhaldsnemum. Sérstök áhersla er lögð á að doktorsnemar fái þjálfun í að kynna rannsóknir sínar á reglulegum málstofum.

*Samþykkt á ársfundi 26. maí 2023*